





ÁLYKTUN HAUSTÞINGS SAMBANDS SVEITARFÉLAGA Á AUSTURLANDI 2025 - DRÖG

Haustþing SSA, haldið á Vopnafirði
18. september 2025



ÁLYKTUN HAUSTÞINGS SAMBANDS SVEITARFÉLAGA Á AUSTURLANDI 2025 - DRÖG

Vopnafirði, 18. september 2025.

Haustþing SSA árið 2025 samþykkir eftirfarandi ályktanir:

- ✳️ Haustþing SSA leggur ríka áherslu á að tryggt verði að íbúar Austurlands hafi greiðan aðgang að öflugri geðheilbrigðisþjónustu til jafns við aðra landsmenn.
- ✳️ Haustþing SSA krefst þess að ráðist verði tafarlaust í hringtengingu Austurlands með jarðgöngum og í löngu tímabærar úrbætur á Suðurfjarðavegi og Öxi í samræmi við fyrri ályktanir SSA og áherslur Svæðisskipulags Austurlands 2022-2044.
- ✳️ Haustþing SSA ítrekar að Austurland hafnar enn þeim landsbyggðarskatti sem lagður var á íbúa með bílastæðagjaldi á Egilsstaðflugvelli. Sú gjaldtaka hamlar för Austfirðinga sem neyðast til að sækja sér sérhæfða heilbrigðisþjónustu, menntun, menningu og aðra þjónustu á vegum ríkisins utan landshlutans.
- ✳️ Haustþing SSA ítrekar mikilvægi þess að ráðist verði af fullum krafti í uppbyggingu Egilsstaðflugvallar sem varaflugvallar, í samræmi við flugstefnu Íslands frá 2019, til að tryggja flugöryggi landsins.
- ✳️ Haustþing SSA krefst þess að stjórnvöld tryggi jöfnun á raforkukostnaði um land allt þannig að íbúar Austurlands, sem framleiða tæpan þriðjung raforku þjóðarinnar, greiði ekki hærra verð fyrir grunnþjónustu en aðrir landsmenn.
- ✳️ Haustþing SSA leggur áherslu á að tekjur af orkuvinnslu og annarri verðmætasköpun á Austurlandi renni milliliðalaust til sveitarfélaganna þar sem hún verður til, í samræmi við gefin loforð um að auðlindagjöld og aðrar tekjur nýtist í heimabyggð til uppbyggingar innviða og þjónustu.
- ✳️ Haustþing SSA krefst þess að allir háskólar bjóði upp á fjölbreytt og aðgengilegt fjar- og netnám sem jafni tækifæri íbúa til náms óháð búsetu. Það er óásættanlegt að Austfirðingar hafi lakari aðgengi að menntun en þeir sem búa nærri háskólum landsins.
- ✳️ Haustþing SSA ítrekar mikilvægi þess að fjarskiptum verði komið í lag hið fyrsta til að tryggja öryggi vegfarenda á fjölförnum leiðum á Austurlandi.

